

# GJALDSKRÁ

## Kjósarveitna ehf.

### 1. gr.

Kjósarveitur ehf. selja afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar og þær hafa umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð fyrir Kjósarveitur ehf.

### 2. gr.

Viðmiðunarhitastig Kjósarveitna er 70°C, miðað við stöðugt fullt rennsli, a.m.k. 4 rúmmetra á sólarhring.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 11% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 24% til annarra nota.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Heitt vatn um rennismæli:

	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Fyrir hvern rúmmetra vatns	267,32	5,35	302,66	kr./m <sup>3</sup>
Magnafsláttur, 6.000 m <sup>3</sup> /ári <sup>1)</sup>	213,86	4,28	242,13	kr./m <sup>3</sup>
Magnafsláttur, 12.000 m <sup>3</sup> /ári <sup>2)</sup>	187,13	3,74	211,87	kr./m <sup>3</sup>

1) Notendur þar sem notkun er að lágmarki 6.000 rúmmetrar á ári geta sótt um að kaupa heitt vatn á 20% afslætti.

2) Notendur þar sem notkun er að lágmarki 12.000 rúmmetrar á ári geta sótt um að kaupa heitt vatn á 30% afslætti.

Afsláttarkjörin eiga við þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Kjósarveitna ehf.

Fast gjald er háð afköstum rennismælis, en óháð töxtum að öðru leyti. Því er skipt í fjóra flokka:

Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
A: 15 mm	60,47	1,21	68,46	kr./dag
B: 20-25 mm	117,13	2,34	132,62	kr./dag
C: 32-50 mm	237,01	4,74	268,34	kr./dag
D: 65 mm og stærri	318,31	6,37	360,39	kr./dag

Heitt vatn um hemil:

	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Grunnverð, 3 mínútulítrar <sup>1)</sup>	530,87	10,62	601,05	kr./dag
2 l/m, lágmark <sup>2)</sup>	424,70	8,49	480,84	kr./dag
Hver lítri umfram 3 l/m <sup>2)</sup>	106,17	2,12	120,21	kr./dag

1) Mínútulítri (l/m) tákna það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á mínútu. Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar.

2) Sækja þarf um sérstaklega ef óskað er eftir minna eða meira magni en 3 mínútulítrum.

	Kr.	Með 11% vsk	Grunnur
Lágmarksgjald vegna ónotaðrar heimæðar, sbr. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar fyrir Kjósarveitur, nr. 27/2017	5.377	5.969	kr./mán.

Fast gjald fyrir hemil er óháð töxtum.

	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Hemill, fast gjald	42,77	0,86	48,43	kr./dag

## 3. gr.

Heimæðargjald Kjósarveitna ehf., er sem hér segir:

Virðisaukaskattur er 11% á heimæðargjöld. Ekki er hleypt á nema heimæðargjald sé að fullu greitt.

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Heimæðargjald með mæli	1.848.773	2.052.138	kr.

Þar sem lengd heimæðar er 50 metrar eða minna, gildir ofangreind verðskrá. Kostnaður vegna lengri heimæða en 50 metra verður metinn í hverju tilviki fyrir sig.

Virðisaukaskattur er 11% á heimæðargjöld. Ekki er hleypt á nema heimæðargjald sé að fullu greitt.

## 4. gr.

Þjónustugjöld Kjósarveitna ehf. eru sem hér segir:

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>
Seðilgjald	336	373
Tilkynningar- og greiðslugjald	134	149
Aukaálestur	4.316	4.791
Innheimtuviðvörðun <sup>1)</sup>	1.148	1.274
Lokunargjald	9.445	10.484
Uppsetning auka mælis	60.495	67.150
Útkall vegna búnaðar notanda <sup>2)</sup>	20.165	22.383
Gjald fyrir innheimtuaðgerð, þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð	403.302	447.666

1) Innheimtuviðvörðun er send 5 dögum eftir eindaga.

2) Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun, sem reynist vera í búnaði húseiganda.

## 5. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda skv. 79. gr. laga nr. 58/1967.

## 6. gr.

Kjósarveitur hafa rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.

Eftirlitsmanni Kjósarveitna skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af stjórn Kjósarveitna ehf. og sett samkvæmt orku-lögum nr. 58/1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 904/2024.

*Umhverfis-, orku- og lofislagsráðuneytinu, 19. ágúst 2025.*

F. h. r.

**Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*